

# EUMA - NETFRÉTTIR

1. TBL. 10.ÁRG.

21. JANÚAR 2010

## Á nýju ári

Stjórnin óskar félagsmönnum gleðilegs árs og þakkar samstarfið á liðnu ári. Ýmsar breytingar hafa orðið á störfum nokkurra félagskvenna vegna breytts landslags í íslensku þjóðlífi.

## Félagsfundir

Jólafundurinn var óhefðbundinn í ár. Stjórnin var með skoðanakönnun á meðal félagskvenna til að hlera óskir þeirra og mikill meirihluti vildi að félagskonur kæmu saman án yfirmanna. Jólafundurinn var svo haldinn 8. desember í JC-húsinu við Hellusund. Þetta hús hýsti á sínum tíma Verslunarskóla Íslands. Boðið var upp á smárétti og léttar veitingar. Það var svo gaman hjá okkur að það gleymist að taka myndir og verða konur því að nota ímyndunaraflíð.

Fyrsti fundur á nýju ári var heimsókn í Gagnavörsluna sem staðsett er í Ásbrú suður á Vallarheiði. Stofnandi fyrirtækisins og forstjóri þess Brynja Guðmundsdóttir tók á móti okkur, ásamt tveimur starfsmönnum. Hún sagði frá tilurð fyrirtækisins og hvernig það hefur þróast á þessum tveimur árum sem það hefur starfað. Fyrirtækið hefur vaxið hratt þrátt fyrir erfitt efnahagsástand og nánast enga lánafyrirgreiðslu. Í dag starfa um 40 manns hjá fyrirtækinu – sem vinna dag og nótt.

Mjög áhugavert var að sjá hvað ströng öryggisgæsla er viðhöfð og enn á að bæta hana. Jafnvel mýsnar hafa sérstakan gæslumann sem kemur á hverjum degi og athugar hvort nokkrar hafa fengið sér að borða af sérstökum matseðli sem stendur þeim til boða.

Það var samdóma álit þeirra sem heimsóttu fyrirtækið að þetta hafi verið mjög skemmtilegt og fróðlegt. Það léttir lundina að sjá að til er fólk með sterka framtíðarsýn og mikinn metnað til að reka fyrirtæki á heimsvísu. Þess má geta að Brynja hefur boðið í verk erlendis og býður svars.

## Greinar og viðtöl

Ingibjörg Birgisdóttir settur kynningarfulltrúi vinnur að viðtali við Kristínu Pétursdóttir, sem væntanlega mun birtast á heimasíðunni.

## Kynningar- og fræðslunefnd

Kynningar- og fræðslunefnd vinnur að átaki til að kynna starf EUMA á Íslandi. Fyrirhugað er að senda kynningarbréf og upplýsingar um félagið til fjölmargra fyrirtækja sem ekki hafa átt fulltrúa í EUMA. Þeim sem hafa áhuga á að fræðast nánar um starfið verður síðan boðið á marsfundinn okkar, þar sem Rannveig Rist verður gestafyrirlesari.

## Heimasíða EUMA

Kynningar- og fræðslunefnd hefur náð tókum á að uppfæra efni á heimasíðuna okkar. Þar má finna m.a. Netfréttir og Impetus.

## Impetus

Eins og kunnugt er var ákveðið að gefa Impetus út á rafrænu formi um stundarsakir. Ritnefnd hefur hafið störf og er það ósk stjórnar að félagskonur taki málaleitan þeirra vel verði til þeirra leitað um efni. Aðalfundur EUMA er 13. apríl nk og fyrirhugað er að blaðið verði komið út þá.

## Fundaaðstaða

Eins og kunnugt er hafa fundir verið haldnir undanfarið hjá Landsvirkjunar að Háaleitisbraut 68. Stjórnin heftur áhuga á að vita hvort hægt væri að fá fundaaðstöðu hjá öðrum fyrirtækjum/stofnunum.

*When one door closes, another opens; but we often look so regretfully upon the closed door that we do not see the one that has opened for us. –*

*Alexander Graham Bell*

*Heimurinn hefur nóg til að fullnægja þörfum manna en ekki græðgi þeirra. –*

*Mahatma Gandhi*